

GALDRA-DÍSA

GUNNAR THEODÖR EGGERTSSON

GALDRA-DÍSA



VAKA-HELGAFELL

*Bókin er tileinkuð börnunum mínum;
Þórhildi Elínu, Laufeyju Eddu og Gylfa Þór,
sem reka alla skugga á brott.*

Galdra-Dísa

© Gunnar Theodór Eggertsson 2017

Vaka-Helgafell

Reykjavík 2017

Öll réttindi áskilin.

Kápa: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

Uppstilling kápu: Emilía Ragnarsdóttir / Forlagið

Ljósmynd af höfundi: Gassi

Umbrot: Ingibjörg Sigurðardóttir


Letur í meginmáli: Palatino 11/15,7 pt.

Prentun: Bookwell Digital Oy, Finnlandi

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-2-2455-6

Vaka-Helgafell er hluti  Forlaginu ehf.

www.forlagid.is

Efnisyfirlit

Formáli • Illt kemur ókallað	7
------------------------------------	---

FYRSTI HLUTI: ÖLLUM FYLGIR EINHVER SKUGGI

1. kafli • Þungarokkarinn	21
2. kafli • Alvöru hryllingur	37
3. kafli • Nokkrir góðir vinir	59
4. kafli • Utangarðskonur	70
5. kafli • Farfuglar	91

ANNAR HLUTI: LENGI DYLST Í DJÚPUNUM

6. kafli • Slæmar fréttir	111
7. kafli • Önnur galdranorn	126

ÞRIÐJI HLUTI: Í MYRKRI ERU ALLIR KETTIR GRÁIR

8. kafli • Óvæntur fengur	151
9. kafli • Fórnarlömb fortíðar	170
10. kafli • Nafnlaus stúlkan	198
11. kafli • Skuggahliðar	227
12. kafli • Andspyrna	252

FJÓRÐI HLUTI: ENGINN MÁ SKÖPUM RENNA

13. kafli • Veiðar	279
14. kafli • Turninn	287
15. kafli • Hinsta kveðja	313
Eftirmáli • Ekki eru allar dísir dauðar	321

*Sá sem berst við skrímsli ætti að gæta þess að
verða ekki sjálfur að skrímsli.
Og ef þú horfir lengi niður í botnlaust djúp,
fer djúpið líka að horfa inn í þig.*

Friedrich Nietzsche, þýskur heimspekingur

Formáli

Illt kemur ókallað

Drengurinn vildi ekki leggja af stað. Hann langaði bara að sofa fram á morgun. Skríða inn að eldstónni og kúra hjá systur sínum. Laumast út í fjárhús og liggja hjá geitunum, ösnunum eða jafnvel uxunum. Í staðinn sat hann fyrir utan leirvegginn sem umlukti þorpið og starði út í nóttina. Hafgolan blés köld upp frá ströndinni. Tunglið var þegar búið að klifra langt upp á bjartan stjörnuhimininn. Bráðum yrði hann of seinn. Kannski væri það fyrir bestu. Hann gæti þóst hafa sofnað og gleymt þessu. Pabbi hans yrði örugglega reiður en það væri svo sem ekkert nýtt. Hann réð alveg við reiðan pabba. Það var seiðskrattinn sem hann óttaðist.

Geitin stóð bundin við staur nokkrum metrum frá. Hún japlaði á því litla grasi sem óx svona nærri sjónum og hugsaði eflaust hlýlega til þess að verða teymd aftur upp í hæðirnar eftir sólarupprás, þar sem hún mætti gæða sér á alvöru góðmeti í stað harðra og stingandi stráa við fjöruborðið. Hún leit í áttina til drengsins og jarmaði, eins og hún skynjaði að hann væri að horfa til hennar.

Pú munt enga sólarupprás sjá, hugsaði hann, aldrei framar.

Skyndilega tók drengurinn ákvörðun, stökk á fætur og teymdi geitina af stað frá þorpínu. Þögnin var yfirþyrmandi. Meira að segja engispretturnar virtust sofa. Hann beygði út frá flóðveggnum og tók stefnuna upp á við. Geitin tólti létt á fæti við hlið hans, þaulkunnug veginum, full tilhlökkunar að komast í beitalandið. Ætli henni þyki ekkert undarlegt að vera ein á ferð, og að næturlagi í þokkabót, á meðan allur flokkurinn liggur heima í fjárhúsi?

Drengurinn var ekki fyrr búinn að sleppa geitinni lausri við eina hæðina en hann heyrði djúpa rödd hvísla höstuglega að baki sér.

„Sheshkala! Hvað þykistu vera að gera?“

Hjarta drengsins tók kipp og hann sneri sér við með hraði. Pabbi hans stóð með reiðisvip í myrkrinu, hálfalinn í skuggunum undir stóru fíkjutré.

„Pú veist vel hvert geitin á að fara!“

Sheskala stóð orðlaus um stund. Geitin var þegar tekin að gæða sér á grasi.

„Ég er að fara með hana inn á eyju, ég lofa, ég – ég vildi bara leyfa henni að njóta síðustu stundarinnar á upphaldsstaðnum sínum,“ stamaði drengurinn og horfði lúpulegur niður í grasið. Svipurinn á pabba hans mildaðist örlítið og það slaknaði á síða skegginu.

„Mér líkar þetta engu betur en þér, Sheshkala,“ mælti hann og andvarpaði, „en búið er að greiða fyrir geitina og hún tilheyrir okkur ekki lengur. Við verðum að láta hana af hendi og koma henni til skila á réttan stað, á réttum tíma.“

Hann gekk fram hjá syni sínum og í átt að dýrinu sem stóð sællegt á lengdar og tuggði í fullu tungsljósinu.

„Þú þurftir ekki að selja hana,“ mælti Sheshkala eins kurteislega og hann gat, í von um að styggja ekki pabba sinn aftur. „Ekki *honum*, meina ég,“ bætti hann við í flýti þegar hann sá þungu brúnirnar birtast aftur á andliti föður síns.

„Við þurfum á peningunum að halda,“ útskýrði hann kaldri röddu á meðan hann greip í taum geitarinnar, „og hann borgar betur en nokkur annar. Svo það hann mig líka að fyrra bragði og ...“

Hann hikaði augnablik, eins og hann fyndi ekki alveg réttu orðin.

„... þú veist að það er erfitt að neita þegar hann bíður mann,“ sagði hann loks, hálfskömmustulega.

Sheshkala vissi það vel. Hann vissi líka hvernig fór fyrir þeim sem óhlyðnuðust honum. Drengurinn sá að pabbi hans var ekki síður hræddur en hann sjálfur, sama hversu vel hann reyndi að fela það bak við þungt augnaráð og völdugt skegg.

„Komdu,“ sagði hann og rétti Sheshkala tauminn, „Ludari bíður.“

Ludari. Hinn eilífi maður. Seiðskrattinn. Ófreskjan.

Sheshkala fékk hroll við að heyra nafnið.

Þeir gengu í þögn aftur niður veginn, þar til þeir beygðu og tóku stefnuna inn á miðja eyju. Geitin fylgdi róleg á eftir, södd og sátta við lífið. Pabbinn leiddi tvíeykið áfram, burt frá þorpinu, með fram áveituskurðinum, fram hjá ökrunum og ólífutránum, í gegnum skógarlundinn og loks inn á sandsléttuna. Fram undan stóðu stakstein-

ar upp úr sandinum eins og horn á niðurgröfnum djöflum sem þorpsbúarnir trúðu að svæfu ofan í jörðinni og hristu eyjuna í hvert sinn sem þeir bærðust í svefninum. Einhvern daginn munu þeir allir vakna, sögðu prestarnir, og þá mun eyjan hverfa aftur ofan í sjóinn. Sheshkala vissi ekki hverju hann átti að trúa um það, en hann vissi að musterið á milli staksteinanna bar að óttast af fúlustu alvöru.

Það var ævafornt og löngu fallið í rúst. Prestarnir sögðu það mun eldra en þorpið þeirra, byggt fyrir löngu gleymda guði, og að musterið hafi verið tóm og brotið þegar fyrstu bændurnir sigldu til eyjarinnar. Íbúunum tókst að rækta næstum allt landsvæðið á eyjunni og lifðu vel á fiskveiðum og akuryrkju en á sandinum fyrir miðju þreifst ekkert líf. Ekki að furða að sögur um sofandi djöfla hafi orðið til í kringum steinana í sandinum. Þeir voru skuggalegir á að líta jafnvel um hábjartan dag og eyjar skeggjar forðuðust rústirnar, byggðu musteri og stytur til sinna eigin guða niðri við ströndina og lifðu í friði og spekt öldum saman.

Svo þegar afi Sheshkala var ungur drengur tók undarleg nærvera að gera vart við sig í gamla musterinu. Eldur blossaði upp á milli staksteinanna á nóttunni og furðuverur sáust koma og fara yfir sandsléttuna. Um það leyti birtist seiðskrattinn þorpsbúum í fyrsta sinn og hann hafði haldið þeim í greipum óttans allar götur síðan. Afi Sheshkala var nú kominn nærri sínum ævilokum en sagði seiðskrattann ekkert hafa breyst síðan hann sá hann fyrst sem ungur drengur. Þess vegna var hann kallaður Ludari af öldungunum. Hinn eilífi maður. Sá sem eldist ekki, lifir

ekki, deyr ekki. Sumir sögðu að hann væri meira en bara maður, að hann væri hálfur guð og hálf tít, afmyndaður og afskræmdur á líkama og sál. Sheshkala hafði heyrt alls kyns sögur af Ludari og var að vissu leyti dálítið forvitinn að berja hann augum, þótt hræðslan réði ekki síður ferðinni.

„Ég bíð þín hér,“ sagði pabbi hans í skipandi tón og settist niður í sandinn.

„Kemurðu ekki með mér?“ spurði drengurinn örlítið skjálfandi röddu og horfði smeykur til staksteinanna sem stóðu nú stærri en hann hafði nokkurn tímann séð þá. Á milli þeirra glitti í einn musterisvegginn, hálfhruninn en samt ógnandi innan um grjótið í kring.

„Það er kominn tími til að þú farir, Sheshkala,“ útskýrði pabbinn, „því senn verður þú kominn í fullorðinna manna tölu og þá er tímabært að þú sjáir veröldina með þínum eigin augum.“

Sheshkala var að vissu leyti stoltur að heyra pabba sinn tala um sig sem fullorðinn mann en komst ekki hjá því að skilja orð hans sem heldur auma afsökun fyrir því að þurfa ekki að fara sjálfur upp að musterinu. Faðirinn sat fastur við sinn keip, lagðist í sandinn, horfði upp í stjörnuhimininn og lét eins og Sheshkala væri ekki þarna.

Drengurinn kippti í tauminn og þrammaði af stað með geitina í eftirdragi. Með hverju skrefi virtist hún tregari til að fylgja, eins og hún fyndi eitthvað illt á sér, og undir það síðasta þurfti Sheshkala að toga af öllum kröftum til að fá hana með sér inn fyrir staksteinahringinn. Þar blasti musterid við þeim í allri sinni forneskjulegu dýrð. Brotnar súlur lágu á víð og dreif og vindar höfðu sorfið sumar

þeirra ofan í sandhrúgurnar. Veggirnir voru skreyttir misstórum sprungum, en héldust þó uppi, og þakið hallaði á milli þeirra. Musterisdýrnar stóðu reisulegar og kyrfilega lokaðar. Byggingin var í allt öðrum hlutföllum en húsin í þorpinu. Steinninn var dökkur á litinn eins og djúpur og dimmur sjór. Sheshkala steig hægum skrefum upp að einum veggnum og snerti ískalt grjótið. Áferðin og útlitið var ólíkt öðrum steinum á eyjunni og eitt augnablik gleymdi drengurinn óttanum og dáðist að fornri fegurð musterisins. Hvernig ætli það hafi litið út þegar það var nýtt? Hvaðan kom þetta undarlega grjót? Hver reisti veggina og hvers vegna?

Geitin gaf frá sér ærandi jarm sem ómaði milli staksteinanna og rauf helga þögn sléttunnar. Sheshkala sussaði á hana en var fljótur að þagna sjálfur þegar hann heyrði umgang inni fyrir. Lágværar drunur hreyfðu sandkornin þegar dýrnar opnuðust hægt og rólega og sætur kryddilmur barst út með reykelsisgufu. Hann reyndi að toga geitina í átt að opinu en hún barðist á móti af öllum kröftum. Drengurinn batt tauminn við súlu sem stóð hálf upp úr sandinum við þrepin og gekk hægum skrefum inn fyrir.

Lítill eldur brann í ljóskeri á miðju gólfinu og lýsti dauflega upp rýmið í kring. Við keríð stóð mjó leirflaska þar sem blá gufa sveif upp úr reykelsisprotu. Enginn var sýnilegur í birtunni og Sheshkala pírdi augun inn í myrkið.

„Halló?“ mælti hann lágum rómi. „Er einhver hér?“

Á innri veggina voru málaðar myndir af einhvers konar forynjum en það var of dimmt til að greina þær almenni-

lega. Hann færði sig nær eldinum. Skuggi hans dansaði út frá litla loganum.

„Ég kem frá þorpinu,“ mælti drengurinn til myrkursins, „faðir minn, Amar-sin, sendi mig.“

Hann þóttist heyra þrusk í svartnættinu umhverfis sig. Fætturnir tóku ósjálfrátt að skjálfa.

„Ég kom með geitina sem þú keyptir af honum,“ bætti drengurinn við og reyndi að láta hræðsluna ekki heyrast í röddinni, „hún stendur bundin fyrir utan.“

Eitthvað hrærðist í skuggunum. „Færðu hana inn fyrir,“ heyrðist hás rödd hvísla til drengsins en hann gat ómögulega áttað sig á hvaðan hljóðið barst. Eins og það kæmi úr öllu myrkrinu í kring.

„Já, herra,“ sagði hann og dreif sig út að leysa dýrið. Hann langaði helst að leyfa því að sleppa en vissi vel að það var um seinan. Geitin streittist áfram á móti en Sheshkala gat ekki sýnt henni neina samúð lengur heldur dró veslinginn svo harkalega upp musteriströppurnar að hún hrasaði á leiðinni og kveinaði sáran. Sheshkala fann óttann vaxa innra með sér og vildi helst fleygja geitinni inn og stinga af eins fljótt og auðið var.

Þegar honum varð litið aftur inn um opnar dyrnar sá hann aftan á hokinn líkama sem bar ljóskerid í annarri hendi og gekk með það innst í musterið. Í hinni hendinni hélt hann á kúptum hníf. Jarmið frá geitinni ómaði um salinn og án þess að hugsa sig um sló Sheshkala til hennar til að þagga niður í henni. Hún lagðist niður í hnipri og neitaði að stíga skrefi lengra.

„Skildu hana eftir þarna,“ mælti Ludari án þess að snúa sér við. Hann lagði kerid ofan á risavaxið steinborð

sem Sheshkala sá ekki betur en að væri útatað í blóði. Drengurinn sleppti takinu á taumnum og bakkaði út fyrir musterisdyrnar, án þess að hafa augun af óhugnanlegu verunni við steinborðið. Eitthvað hreyfðist í skuggunum til fóta, eins og snákur sem hringaði sig upp eftir líkama Ludaris. Geitin gerði ekki minnstu tilraun til að standa upp og flýja, eins og hún hefði sætt sig við örlög sín og skilið að hennar hinsta stund væri runnin upp.

Sheshkala hinkraði í dyragættinni í von um að Ludari sneri sér við en seiðskrattinn stóð bara boginn í baki, falinn undir þykkum kuflum, og dró hnífsblaðið hægt eftir borðinu. Ískrið endurómaði um þögultusterið svo skar í eyrun. Sitt hvorum megin við drenginn tóku dyrnar að lokast. Rétt áður en þær skelltust við nefið á honum sá drengurinn hvernig seiðskrattinn leit í átt til geitarinnar. Undan kuflinum birtust glóandi augu og andlit sem virkaði ómennskt, eins og hangandi húðgríma sem búið var að teygja sundur og saman svo oft að hún var löngu gat-slitin. Drengnum brá svo að hann missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig niður musteriströppurnar.

Sem betur fer tók sandurinn mjúklega á móti honum. Sheshkala lá góða stund í þögninni og fannst eins og stingandi augun fylgdust með honum. Eflaust hefði hann legið þarna enn lengur ef hrottaleg geitaröskur hefðu ekki hrætt úr honum líftórana og sent hann með hraði út fyrir staksteinana. Hann hljóp með slíku offorsi að hann missti jafnvægið aftur og aftur í sleipum sandinum þar til hann náði loks til föður síns á jaðri sléttunnar. Pabbinn stóð stjarfur og horfði einbeittur í átt að musterinu. Hann leit ekki einu sinni á Sheshkala þegar hann kom móður

og mäsandi en tók honum þó opnum örmum og faðmaði drenginn sinn hlýlega.

„Þarna fer hann,“ sagði hann eftir langa þögn. Sheskala lyfti andlitinu upp frá kufli pabba síns og þorði loks að líta aftur út á sandinn.

Ferfætt vera staulaðist þögul út frá steinhringnum og tók að hlaupa hringi í kringum musterið. Sheskala pírdi augun í næturmyrkrinu. Var þetta geitin? Hafði hún sloppið úr klóm ófreskjunnar?

„Hver?“ spurði hann pabba sinn svo lágum rómi að orðið hljómaði eins og hver annar andardráttur. Amarsin tók þétt utan um son sinn.

Veran virtist í fyrstu stefna áfram út í óbyggðir sandbreiðunnar en tók skyndilega snarpa beygju í átt til þeirra feðga. Lappirnar voru langar og skakkar, bakið kengbog-ið og húðin hékk tætingsleg utan á beinunum. Tvö horn drógust niðurlút eftir sandinum. Sheskala þóttist þekkja geitina sína aftur.

„Andadjöfullinn,“ ansaði pabbi hans og leit undan. „Ekki horfa til hans.“

Sheskala leit áleiðis í átt að ströndinni og þorpinu heima. Hann dauðlangaði að snúa sér við en faðir hans herti takið enn meir þegar hann fann strákinn tregðast við.

Sheskala emjaði ósjálfrátt af þéttu faðmlaginu en pabbi hans þaggaði niður í honum með þykkri skikkjuermi. Að-eins nokkrum metrum frá brokkaði geitin fram hjá þeim og skeytti engu um þá feðga. Hún reikaði klunnalega til hliðanna eins og eitthvað byltist um innra með henni.

Sheskala fylgdist furðu lostinn með því hvernig geitin tók stökk yfir litla gryfju og braut á sér báða framfæturna

við lendinguna hinum megin – en hélt ferðinni áfram ótrauð, eins og togað væri í hana með ósýnilegum köðlum. Líkaminn lyftist því næst upp á við með miklum rykk sem braut hrygginn og reif geitina í sundur eins og verið væri að slægja fisk.

Amar-sin sat álíka stjarfur og starandi og sonurinn á meðan limlestur líkaminn sveif upp á við og vængjuð forynja skreið með öskrum út úr innvolsi geitarinnar. Hún klifraði slímug og viðbjóðsleg upp á geitarhornin, teygði þar úr sér og breiddi út víðfeðma vængi á móti tunglinu. Geitin hékk eitt augnablik eins og líflaust flak í klónum á risavöxnum ránfugli. Svo sleppti forynjan takinu og geitin féll til jarðar þar sem hún lenti með slepjulegum dynki og litaði sandinn rauðan.

Feðgarnir sátu þöglir og titrandi og fylgdust með ófreskjunni fljúga hátt upp í heiðan næturhimininn þar til hún gufaði sporlaust upp innan um stjörnurnar.

Eftir drygklanga stund náði drengurinn loks að koma upp hvísli.

„Hvert fór hann?“

„Peir koma og fara,“ andvarpaði pabbi hans, „hverfa og birtast.“ Hann tók sig saman í andlitinu áður en hann leit framan í son sinn. Amar-sin hafði séð sinn skerf af djöflum yfir ævina en aldrei í slíku návígi. Hann kærði sig heldur ekki um að gera það öðru sinni.

„En hvert?“ endurtók Sheskala hálfkjörandi og grúfði sig lengra ofan í þykkan kuflinn.

„Kemur okkur ekki við,“ svaraði pabbi hans, strauk bakið á stráknum og reyndi að hljóma hughreystandi, „ekki á meðan þeir láta okkur í friði.“

Sheskala kinkaði kolli og horfði einbeittur í átt að sandbingnum þar sem geitin hafði lent. Eða öllu heldur líkamsleifar hennar. Hafði hún lifað? Var hún hýsill fyrir ófreskjuna sem gerjaðist innra með henni, eins og vespueggjin sem amma hafði sagt honum frá, þessum sem klöktust út innan í öðrum skordýrum og átu sér svo leið út í gegnum líkamann? Sheskala hafði fengið martraðir um skordýr vikum saman eftir að hafa heyrt þær sögur.

Nei, hugsaði hann, geitin hlaut að hafa verið dauð síðan á fórnarborðinu. Sheskala hugsaði um síðustu stundir aumingja dýrsins í musterinu. Öskrin ómuðu enn innra með honum. Hann horfði upp til stjarnanna, hræddur um að sjá andadjöflinum bregða aftur fyrir.

„Vonandi fór ófreskjan eitthvert langt í burtu,“ hvíslaði hann út í næturgoluna, „svo langt að hún snúi aldrei aftur til okkar.“

Hann lokaði augunum og hélt dauðahaldi um pabba sinn.

Fyrsti hluti:

Öllum fylgir einhver skuggi

1. kafli

Þungarokkarinn

Salurinn var fullur af svita og reyk. Brjáluð átök höfðu brotist út á gólfinu. Ungir menn og konur hentu sér hvert á annað, hoppuðu upp og niður, ýttu og hrintu, en allt í mestu góðvild. Um leið og einhver missti jafnvægið og datt í gólfið birtust umsvifalaust tíu hendur að hjálpa honum upp. Ærandi öskur, trylltar trommur og þrumandi þungarokksgítarar ómuðu frá litla sviðinu fyrir framan æstan múginn.

Ung dökkhærð kona, hvítmáluð í framan og klædd gat-slitnum svörtum ballkjól, stóð fremst með hljóðnema og dansaði í takt við áhorfendurna. Hún var með tússpenna í annarri hendinni og tók sér af og til hlé frá ópunum til að krota rúnatákn framan í þá sem vildu. Henni að baki voru tvær aðrar stúlkur, önnur á gítar, hin á bassa, og loks strákur falinn á bak við trommuset. Gítarleikarinn var með sítt biksvart hárið alveg fyrir andlitinu og stóð nærri hreyfingarlaus með hljóðfærið hangandi niðri við hnén, en bassaleikarinn skar sig dálítið úr hópnum, höfð-

inu hærri en hinar stelpurnar, með eldljóst hár fest upp í hanakamb og rúnatákn krotuð yfir allt andlitið svo hún leit út eins og hálfgerður djöfull.

„Við erum hljómsveitin Rún!“ urraði söngkonan á lítinn en þéttþakkaðan salinn sem svaraði með miklum fagnaðarlátum. „Og þetta er síðasta lagið í kvöld!“

Dísa dró andann djúpt og byrjaði á bassalínunni sem startaði loklaginu.

Jæja, hugsaði hún með sér, sýnum þessum krökkum nú eitthvað almennilegt. Hún lokaði augunum og einbeitti sér að salnum. Reykvélin var í fullum gangi. Áhorfendurnir skoppuðu fram og aftur í takt við tónlistina. Dísa byrjaði að dáleiða hópinn. Hún var vön að leyfa sér aðeins að galdra á tónleikum, aldrei svo mikið að það kæmist upp en þó nóg til að áhorfendur upplifðu eitthvað einstakt, án þess að vita endilega hvað hefði átt sér stað. Hljóm-sveitin hét kannski Rún en ekkert hinna hafði nokkurt vit á alvöru göldrum og Dísa passaði að þau notuðu aldrei raunverulegar galdrarúnir sem skraut. Þær sem söngkonan, Freyja, krotaði á æsta áhorfendur voru bara túristarúnir, löngu búnar að missa máttinn af endurtekningu og ofnotkun. Hinar einu sönnu töfrarúnir þekktu engir nema fjölkunnugir.

Dísa var líka löngu hætt að krotarúnir, það var bara fyrir byrjendur. Henni nægði að kalla rúnirnar fram í hugann, færa hugsanir sínar í form þeirra og þrýsta kraftinum svo út í veruleikann. Það var erfitt að útskýra hvernig galdrarnir virkuðu. Dísu fannst best að hugsa þetta eins og hún væri að nota form til að búa til smákökur: rúnin var formið, hugur hennar deigið og kakan svo galdurinn

sem henni tókst að baka. Ætli umhverfið væri þá ekki ofninn? Hún hafði svo sem ekki hugsað þessa líkingu til enda.

Nú hafði hún kallað fram einfalda draugarún í hugann, almennt notaða til að framkalla sendingar, en Dísu ætlaði ekki nema rétt að varpa henni mjúklega áleiðis til að skapa tálsýn eða sjónblekkingu. Félagar hennar í hljómsveitinni höfðu engan skilning á raunverulegum mætti hennar. Dísu passaði sig líka að senda alltaf smáslettu af dáleiddslu til þeirra þriggja svo þau myndu örugglega ekki eftir töfrabrögðunum.

Í kvöld ákvað Dísu að nota reykvélinu til að skapa eitthvað skemmtilegt. Hún tók að spinna alls konar sendingar og skrímsli í huganum – skrautlegar smákökur úr hugsanadeiginu – og senda fram í salinn. Áhorfendur stóðu og störfu á meðan hinir og þessir reykjögflar og drýslar flögruðu meðal þeirra. Svo fór liðið að hoppa á galdraverurnar og grípa til þeirra í óðum dansi. Allir virtust skemmta sér konunglega. Dísu sendi einn lítinn, skríttinn skugga upp á sviðið og lét hann taka sér stöðu við hlið söngkonunnar eins og þau væru að taka dúett saman yfir dauðapönkinu. Áhorfendurnir sendu frá sér kostuleg fagnaðaróp á meðan Freyja tók utan um skuggann og rak honum rembingskoss þangað sem munnurinn hefði vanalega átt að vera. Dísu gat ekki stillt sig um að hlæja. Eftir nokkrar mínútur átti enginn í salnum eftir að muna þetta nema hún. Dísu var annars nærri alfarið hætt að galdra, enda engin þörf á því þegar ekki var skrímslaher eða brjálaður galdarakarl á eftir henni. Hún hafði einbeitt sér að menntaskólanum og kröfum hversdagsleikans síð-

ustu tvö árin, gert sitt besta til að falla inn í hópinn og reynt að byrja nýtt líf í nýjum skóla eins og óskrifað blað. En af og til þótti henni gaman að fremja smá seið, svona rétt til að halda sér í æfingu.

Lagið var rúmlega hálfnað og tími til kominn að slaka á töfrunum. Dísu byrjaði að leysa upp reykverurnar úti í sal en hélt skugganum örlítið lengur á sviðinu með hljómsveitinni. Hann stóð teinréttur við hlið Freyju, sem tætti sundur raddböndin fyrir síðustu öskrin í laginu, en skyndilega var eins og skugginn breytti um ásýnd. Hann gufaði upp í reykmykk án nokkurra áhrifa frá Dísu og í hans stað birtist langur og bugðóttur púki sem breiddi úr hreistruðum vængjum á bak við Freyju. Hún var djúpt sokkin í öskrin og tók ekki eftir neinu, ekki einu sinni þegar púkinn tók undir sönginn hennar og hvæsti hástöfum yfir salinn. En það fór ekki fram hjá henni þegar annar vængurinn sló hana í bakið og fleygði henni með hörku út á gólfið. Áhorfendurnir héldu að hún væri að gera þetta að gamni sínu, gripu hana í sameiningu og lyftu upp fyrir haus, en Freyja var bersýnilega ráðvillt og einu öskrin frá henni voru nú raunveruleg hræðsluóp. Dísu hélt einbeitingunni á púkanum í von um að kveða hann niður með hraði en hann sveif af stað yfir þvöguna og tók að henda krökkum til og frá með voldugum klónum. Einn skaust alla leið með bakið upp í grjóthart steypuloftið og datt því næst ofan á þrjá aðra krakka og felldi þá í gólfið. Annar flaug til hliðar og sendi hnéð beint framan í stelpu sem féll öskrandi á næsta mann. Sá þriðji endaði uppi á sviði og hrinti gítarleikaranum á trommusettið.

Dísu fleygði frá sér bassanum og stökk á eftir púkan-

um. Hvaðan í ósköpunum hafði þessi óvættur komið? Bjó hún andskotann til án þess að gera sér grein fyrir því? Hún kannaðist ekkert við útlitið – geitarhorn, slönguhúð, kattaklær, eðlufés og vængir sem minntu á snöggrakaðan örn? Þessi ófreskja tilheyrði ekki skrímslasafninu hennar. En hvort sem Dísar bar ábyrgð á djöflinum eða ekki, þá bar henni að minnsta kosti skylda til að stöðva hann. Hann stóð nú í miðjum skaranum, starði á fólk með skínandi hvítum augum og henti því síðan til og frá með ofbeldi og yfirgangi. Freyja klöngraðist aftur upp á sviðið, andlitsmálningin farin í algjöra klessu og kjóllinn enn slitnari en áður. Dísar ruddi sér leið gegnum hópinn af öllum krafti. Hanakamburinn stóð upp úr mannhafinu eins og gylltur hákarlauggi í sjó af sveittum þungarokkurum. Loks mætti hún púkanum augliti til auglitis.

Hann var margfalt ógeðslegri svona í návígi. Líkaminn var afskræmdur og svo skakkur og skældur að Dísar skildi ekki hvernig hann gat hangið saman. Hann var eins og málverk sem virkar venjulegt úr fjarlægð en þegar nær kemur sést að það er ekkert nema litaklessur og punktar. Skipulögð óreiða. Að horfa framan í veruna var eins og að stara ofan í myrkasta hyldýpi þar sem ekkert var að finna annað en tvö æpandi augu sem glóðu eins og demantar og stækkuðu um helming þegar þau fundu Dísu í mannmergðinni. Hún fékk hroll niður í tær og fann fyrir hnút í maganum sem hafði ekki plagað hana síðan hún sneri aftur til lífsins tveimur árum áður, við gjárbarminn uppi á hálendinu, þegar hún stóð andspænis Skafta gamla og öllu hans hyski.

Þegar hún stóð síðast frammi fyrir alvöru göldrum.

Dísa starði dáleidd í björt augun og rankaði ekki við sér fyrr en þúkinn gaf frá sér hryllilegt öskur sem sló út öll þau óhljóð sem þungarokkssveitin gat mögulega framkallað. Hann gerði sig kláran til að stökkva beint á hana en Dísa varð fyrri til, dró andann djúpt og sendi fram kröftugasta dauðagaldurinn sem hún kunni, beint á milli glóandi augnanna. Þúkinn hvarf með gríðarlegum hveli og ofsafengnum blossa sem fleygði hverri einustu manneskju í salnum aftur á bak og beint á rassinn. Dísa stökk umsvifalaust á fætur, hrædd um að hann væri enn á staðnum, en salurinn var hljóður og laus við allar forynjur. Áhorfendur lágu kylliflatir með öndina í hálsinum. Þá stökk einn náungi á fætur og æpti hástöfum:

„Vú-hú! Meira! Mei-ra! Meiiii-raaa!“

Og hópurinn fylgdi á eftir með villtari og trylltari fagnaðarlátum en hljómsveitin Rún hafði nokkurn tímann heyrt. Dísa kreisti fram lítið bros og varð lítið til félaga sinna á sviðinu sem virtust ekki sérlega kátir að sjá.

„Takk fyrir okkur,“ muldraði Freyja í hljóðnemann og stormaði á brott. Dísa gekk sigri hrósandi í gegnum aðdáendahópinn og þrílaði upp á sviðið. Hún horfði einu sinni enn yfir salinn, til öryggis, en sá ekkert óvenjulegt fyrir utan eitt og eitt krambúlerað fés eftir átökin við djöfsa. Því næst kastaði hún aukaskammti af dáleiðslugaldri yfir allan hópinn, bara til að vera viss um að allt yrði örugglega gleymt og grafið, greip bassann og hvarf baksviðs.

Fyrir innan voru félagar hennar að ganga frá hljóðfærunum. Freyja sat við spegilinn og þvoði málninguna framan úr sér. Dísa lagði bassann frá sér á sófann og

settist niður til að losa hárklemmurnar og greiða úr sér hanakambinn. Á meðan leyfði hún dáleiðslunni að seytla yfir herbergið og í hljómsveitarfélagana. Hún var annars alveg búin á því, líkamlega jafnt sem andlega, eftir öll galdralætin. Eins og allur kraftur hefði verið sögnin úr henni. Enginn sagði orð og þögnin varð óþægilegri með hverri mínúttunni sem leið.

„Þetta voru nú meiri tónleikarnir,“ sagði Dísá loks til að brjóta ísinn. Trommarinn og gítarleikarinn litu bara hvort á annað, þögul að vanda, en Freyja sneri sér frá speglinum með fýlusvip, sem varð þeim mun ljótari vegna þess að málningin var enn í klessu í kringum augun.

„Hvað var eiginlega í gangi, Dísá?“ hvæsti hún til hennar. „Af hverju þarftu alltaf að gera eitthvað svona rugl á tónleikum?“ Dísá vissi ekki hverju hún ætti að svara, enda ekki viss hversu mikið Freyja hafði séð eða skilið af því sem gerðist úti í sal. Mundi hún eftir djöflinum? Hafði dáleiðslan ekki haft tilætluð áhrif?

„Ég er sko söngkonan í þessari hljómsveit,“ hélt hún áfram æst, „ef þú skyldir ekki hafa tekið eftir því. Bassaleikarar eiga ekki að „stage-dæva“ og vera með einhverja stjörnustæla. Þeir eiga bara að vera á sínum stað og spila sína línu! Ekki satt?“ Hún sneri sér í átt til hinna sem kinkuðu vandræðalega kalli.

„Jú,“ muldraði gítarleikarinn, hárið enn yfir andlitinu eins og dula, „ég meina, þú ert frontmaðurinn, ekki við. Eða, þú veist. Frontgellan.“ Trommarinn skrúfaði trommusettið í sundur í hljóði.

„Nákvæmlega,“ ítrekaði Freyja frekjulega, „ég held stundum að þú sért ekkert að þæla í hljómsveitinni, Dísá,

og hugsir bara um sjálfa þig.“ Hún sneri sér aftur að speglinum og hélt áfram að skrúbba á sér augun.

Dísu létti að heyra þetta. Þau mundu ekkert eftir boðflennunni. Allt var í stakasta lagi þótt tónleikarnir hefðu næstum endað illa. En hún þurfti að fara varlegar næst.

„Ég veit,“ svaraði hún og þóttist skammast sín, „fyrirgefðu. Mig langaði bara að prófa að stökkva svona út í hópinn. Þú veist, það virkar svo töff þegar þú gerir það.“ Sakaði ekki að gefa henni smá innantómt hrós í leiðinni.

„Láttu mig vita fyrir fram þegar þú ætlar að gera eitthvað svona,“ muldraði Freyja án þess að líta við.

Dísa lofaði því og málið var tekið af dagskrá. Hún dró fram varalítboxið með speglinum á og fór að þurrka rúnakrotið framan úr sér. Nennti ekki að bíða eftir að Freyja lyki sér af við stóra spegilinn. Óþarfi að tala nokkuð meira við hana í bili.

* * *

Talsverð spenna hafði ríkt innan hljómsveitarinnar síðustu vikur. Dísa bjó enn að ákveðnum orðstír eftir atburðina í Fergjudal. Sögurnar af árásinni í dalnum, af beinagrindinni í trénu og ekki síst af leitinni að henni sem stóð yfir í rúma þrjá mánuði höfðu gert marga forvitna um Drauga-Dísu, eins og hún var stundum kölluð enn í dag þegar fólk hélt að hún heyrði ekki til. Ráðgáturnar voru auðvitað enn óleystar í hugum flestra og því margir áhugasamir að hitta og sjá stúlkuna úr furðudalnum. Freyja var í fyrstu ánægð með athyglina sem Dísa færði bandinu eftir að hún slóst í lið með þeim en upp

á síðkastið hafði sú ánægja vikið fyrir vaxandi pirringi. „Er fólk komið til að hlusta á hljómsveitina Rún spila eða til að sjá Dísu frík til sýnis uppi á sviði?“ hafði hún fleygt framan í Dísu í pirringskasti eftir tónleika nokkrum vikum áður. Þá hafði Dísu einmitt galdrað ansi hressilega í lokalaginu – lét Freyju svífa yfir áhorfendaskaranum á meðan hún söng – þótt enginn hafi munað eftir því, nema kannski í undirmeðvitundinni. En sífellt fleiri mættu á tónleika og Freyja færðist á milli þess að vera ánægð með mætinguna og pirruð á að missa athyglina yfir til Dísu.

Sjálf hafði Dísu að mestu leyti náð að leiða forvitni fólks hjá sér og var löngu komin með stöðluð svör við hverri einustu spurningu. Oftast nær nennti hún ekki að ansa og reyndi að koma sér undan á einn eða annan hátt, en annars útskýrði hún Ókindina iðulega sem ísbjörn, eins og fréttirnar höfðu gert, og beinagrindina sem gamlan hrekk frá fyrrum íbúum dalsins. Útskýringin á þriggja mánaða fjarveru hennar var öllu flóknari. Hvarf hennar var gríðarlegt mál á sínum tíma og gnæfði yfir aðrar fréttir vikum saman. Björgunarsveitin var kölluð út að leita í kringum dalinn, sporhundar, þyrlur, drónar og læti. Leitir teygði sig um allt Ísland og gott betur. Allir landsmenn þekktu Dísu í sjón eftir að hafa séð ljósmyndir af henni birtast reglulega mánuðum saman. En aldrei fannst stúlkan. Það var eins og jörðin hefði gleypst hana. Sem var ekki fjarri sannleikanum. Nema það var ekki jörðin, heldur tré sem gleypst hana og fleygði henni alla leið aftur til átjándu aldar.

Þegar Dísu sneri loks heim frá fortíðinni hafði hún búið til fjarvistarsönnun í samráði við foreldra sína. Þau höfðu

lesið dagbækurnar og trúðu sögum Dísu um tímaflakkið en það máttu yfirvöldin auðvitað ekki vita. Þess í stað kokkuðu þau upp lygasögu um að Dísa hefði flúið að heiman og búið hjá fjarskyldri frænku í afdal fyrir norðan allan tímann. Hún átti að hafa falsað bréf frá foreldrum sínum um að hún væri í fjarnámi í skólanum og þyrfti á fjarlægðinni að halda vegna eineltis og sálrænna vandamála. Frænkan átti að hafa trúað þessu öllu saman og aldrei heyrt fréttir eða séð auglýsingar um horfnu stúlkuna, því hún horfði ekki á sjónvarp og fylgdist lítið með gangi samfélagsins.

En auðvitað var engin frænka, þetta var allt saman uppspuni og bull til að afsaka hvarf Dísu, og þótt sagan kynni að hljóma ótrúlega þá var hún að minnsta kosti trúverðugri heldur en að Dísa hafi verið föst í fortíðinni því pabbi hennar hefði hoggið í sundur tímahlið. Foreldrar hennar tóku þessu öllu saman furðuvel en Dísa hafði þó ekki sagt þeim alla sólaröguna. Það var alveg nóg að fá þau til að trúa þessu með tímaflakkið og óþarfi að flækja málin með því að segja þeim frá því hvernig hún var drepin í gamla daga, breytt í draug af góðri norn, ráfaði um landið í þrjú hundruð ár, lærði að galdra og sigraði loks alvöru dreka í svakalegum bardaga við erkióvin sinn í óbyggðum – sjálfan galdrameistarann Skafta Magnússon, sem nú var týndur og tröllum gefinn einhvers staðar í eilífðarviddum tímans eftir að hún fleygði honum í gegnum tímahlið og skellti í lás á eftir sér. Sá eini sem fékk að heyra þá sögu var Björn, gamli vinur hennar frá átjándu öldinni sem var nú orðinn nútímaunglingur í Reykjavík.

Björn. Samband þeirra hafði breyst eftir átökin á slétt-

unni. Í fyrstu virtist hann einfaldlega hræddur við hana, eins og hann væri ekki viss hvort þetta væri sama stúlkan og hann hafði orðið ástfanginn af. Jafnt og þétt tók hann Dísu í sátt en nándin á milli þeirra varð aldrei söm aftur. Dísu var líka sjálf búin að breytast svo mikið á þessum þrjú hundruð árum sem hún beið þess að sjá strákinn á ný. Vissulega var frábært að hitta hann aftur en með tímanum fór hún sjálf að gleyma hversu sárt hún hafði saknað hans og ástin tók að kulna. Þeim þótti mjög vænt hvoru um annað, það átti aldrei eftir að breytast, en nú voru þau fyrst og fremst góðir vinir. Jafnvel bestu vinir. Ekki kærustupar.

Þegar Dísu birtist heima hjá sér eftir margra mánaða fjarveru voru foreldrar hennar svo hissa og glöð að sjá hana að þau tóku varla eftir Birni og skoffíninu sem hann faldi innanklæða. Björn var ókunnugur þessum undraheimi í Reykjavík á tuttugustu og fyrstu öldinni og þurfti að aðlagast nýju lífi, sem var álíka erfitt fyrir hann og það hafði verið fyrir Dísu að búa á þeirri átjándu. Hann saknaði fjölskyldu sinnar sáran og sama hversu vel honum gekk að aðlagast umhverfinu leið honum alltaf eins og aðkomumanni. Foreldrar Dísu leyfðu Birni að búa hjá þeim en þurftu annars að halda honum leyndum fyrir umheiminum því Björn var ekki til samkvæmt íslensku samfélagi. Hann átti ekkert fæðingarvottorð, enga kennitölu, enga foreldra eða fjölskyldu á pappír, ekki nema í ættfræðiritum. Þau vissu ekki hvernig hægt væri að útskýra að þessi drengur hefði einfaldlega birst upp úr þurru og það ýtti undir vanlíðan Björns og tilfinninguna um að hann ætti hvergi heima. Honum leið best uppi í Fergjudal og loks

fór svo að hann fékk að búa þar meirihluta ársins. Dalurinn var kunnuglegur og Birni leið næstum eins og hann væri heima hjá sér. Hann hugsaði til Þóru ömmu sinnar og fjölskyldunnar í gamla bænum og sagðist finna fyrir nærveru þeirra um allt. „Tíminn er alls staðar og umlykjandi,“ sagði hann og vísaði í ömmu sína, galdranornina góðu, „þótt við sjáum það ekki.“ Björn smíðaði fallegan viðarstól úr stubbnum sem stóð eftir töfratréd hans Skafta og sat í honum löngum stundum á veröndinni við bústaðinn og hugsaði til fortíðar með söknuði.

Foreldrar Dísu hjálpuðu vinunum tveimur að setja upp gróðurhús og hefja garðrækt í dalnum og Björn bjó þar alfarið frá vori og fram á haust. Hann ruddi grjótinu frá hellismunnanum í hlíðinni og leyfði skoffíninu að búa þar, eins og áður fyrr. Þannig tókst Birni að skapa sinn eigin litla heim í sveitinni, þar sem honum gat liðið sæmlega. Stundum varð hann alveg ruglaður af því að velta fyrir sér tímaskekkjunni, sérstaklega þegar hann hugsaði til þess að fjölskylda hans héldi að hann væri dáinn. Hann varð þunglyndur af að hugsa of mikið til þeirra og átti þá til að grátbiðja Dísu að opna tímahlið aftur til baka svo hann mætti hitta þau á ný. Dísa neitaði í hvert sinn. Hún var orðin forhert í forlagatrúnni, rétt eins og Þóra gamla. „Þú ert dáinn í fortíðinni,“ sagði hún þá, „og því verður ekki breytt. Enginn fær örlög sín flúið.“

Svo þorði hún heldur ekki að fikta meira í tímahliðunum. Hún vissi hvað það var hættulegt. Þess vegna hafði hún að mestu leyti setið á kröftum sínum síðan þá og var á sinn hátt dálítið smeyk við að galdra. Hún slapp naumlega frá fiktinu síðast og stofnaði öllu landinu sínu í hættu

í leiðinni! Tónleikapúkinn var ágæt áminning um hversu ófyrirsjáanlegir galdrarnir gátu verið og hversu stutt var á milli smá glens og gríns og dauðans alvöru.

* * *

„Sjáiði þessa mynd!“ heyrðist frá gítarleikaranum, sem sat úti í horni og fíktaði í símanum sínum. Freyja var búin að gera sig eðlilega í framan og farin fram. Trommarinn var önnum kafinn við að ganga frá settinu ofan í tösku. Díska þurrkaði síðustu rúnina af enninu, fór yfir að gítarleikaranum og kíkti á símann.

„Þetta hlýtur að vera fótósjoppað,“ sagði hún þegar hreyfðar og móðukenndar útlínur púkans birtust henni með glóandi augun á ljósmynd sem einhver hafði tekið í hita leiksins og sett á netið. Undir var taggað #rúnagaldrar, #djöfladýrkun og #þungamálmur.

„Þetta lítur út alveg eins og Djöfullinn,“ hélt gítarleikarinn áfram en Díska sló á slíka vitleysu með útskýringu um að reykurinn úr vélinni og ljósin úr kösturunum fyrir ofan gætu vel búið til sjónblekkingu.

„Mér finnst þetta allavega geðveikt,“ muldraði gítarleikarinn undir síða hárinu og áframdeildi myndinni í gegnum síðu hljómsveitarinnar, „þetta gæti sko alveg verið plötukover.“

Díska hlammaði sér aftur á sófann, lokaði augunum og reyndi að hugsa ekki um tónleikana. Sama hvaðan púkin kom, þá var hann farinn núna og hún átti ekki eftir að fíflast neitt með galdra á tónleikum í bráð. Freyja ætti að vera ánægð með það.

Pá heyrðist bankað á dyrnar. „Kom inn,“ kallaði Dís og augnabliki síðar birtist Björn í dyragættinni. Hann heilsaði hinum tónlistarmönnum vandræðalega og settist svo við hlið Dísu í sófann. „Fínir hljótleikarnir,“ sagði hann brosandí. Hann gerði sitt besta til að vera jákvæður en Dís vissi vel að honum leið illa í fjölmenni og forðaðist svona uppákomur eins og heitan eldinn. Hann kom bara á tónleikana því að Dís bað hann um að koma. Hann þóttist líka hafa gaman af Rún en það voru auðvitað bara látalæti. Birni hafði gengið furðuvel að aðlagast ýmsu í nútímanum og heillast af alls kyns nýttiskupægindum og tækni, svo sem sjónvarpi, bílum, þvottavélum, ískápum, farsímum og sérstaklega tölvuleikjum og bíómyndum, en tónlistin hafði enn ekki náð að heilla gömlu sálina. Hann átti til að dilla sér við eitthvert einfalt popp í útvarpinu en átti litla samleið með drullugu rokktónlistinni sem Dís spilaði.

„Já, varstu að fíla þetta?“ spurði hún stríðnislega. Hann kinkaði kalli.

„Það voru allir voða ánægðir,“ útskýrði hann og forðaðist þannig að svara spurningunni beint, „allir að tala um ykkur eftir flutninginn, hvað þið væruð kostuleg.“ Dís gjóaði augunum til félaga sinna, til að athuga hvort þau væru nokkuð að hlera, en þau voru bæði búin að ganga frá öllu sínu hafurtaski og bjuggust til að kveðja.

„Sjáumst í skólanum,“ sagði gítarleikarinn og veifaði Dísu úr dyragættinni. Trommarinn muldraði eitthvað óskiljanlegt í sama dúr og svo voru þau bæði horfin. Dís stóð á fætur og fór að reika um gólfið, eins og til að fá loks útrás fyrir áhyggjurnar sem hvíldu á henni út af þessum púka.

„Er ekki allt í lagi?“ spurði Björn sakleysislega. „Varstu ekki ánægð með frammistöðuna?“

Hún sneri sér að vini sínum og virti hann fyrir sér. „Sástu ekkert undarlegt í síðasta laginu?“ spurði hún áhyggjufull. „Fannstu ekki fyrir neinu ... óvenjulegu?“ Björn yppti öxlum og hristi höfuðið. Dísar var von að halda dáleiðslunni frá Birni, því hún vildi ekki þurfa að fela nokkuð fyrir honum, svo hann hefði átt að sjá þúkann. En þegar hún hugsaði málið betur fannst henni eins og hún hefði alls ekki orðið vör við vin sinn í áhorfendahópnum.

„Varstu frammi á gangi?“ spurði hún því, eilítið pirruð í röddinni. Björn setti upp kjánalega grettu og játaði loks að hann hefði látið sig hverfa þegar tónleikarnir voru hálfnaðir, farið í göngutúr og komið til baka fyrst núna. Dísar hlammaði sér aftur í sófann án þess að virða vin sinn viðlits.

„Fyrirgefðu,“ sagði Björn, „þú veist hvað ég fæ illt í eyrun þegar þið spilið. Ég var þó nokkuð lengi, að minnsta kosti miðað við síðast.“ Dísar lokaði augunum og sá djöflaglyrnurnar ljóslifandi fyrir sér í svartnætti hugans.

„Allt í lagi,“ hvíslaði hún á innsoginu áður en hún gaf frá sér þungt andvarp.

„Hvað er að?“ spurði Björn og reyndi að sýnast umhyggjusamur. Hann lagði aðra höndina á öxl vinkonu sinnar og hreyfði líttillega við henni.

„Ekki neitt,“ svaraði hún án þess að opna augun, „gleymdu þessu bara.“

Hún nennti ekki að útskýra þetta fyrir honum. Ekki

núna að minnsta kosti. Hún stóð á fætur, greip hljóðfærið sitt og gekk af stað út. Björn fylgdi hljóðlátur á eftir en Dís gat ekki hrist burt tilfinninguna um að eitthvað annað og óséð væri með í för.